

49 Akrahreppi, en síðan í Lýtingsstaðahreppi og ef til vill annarsstaðar. Vorið 1886
4. maí kveðst Sigurlaug hafa flutzt að Kimbastöðum í Saudárhreppi og dvalið þar að-
eins 1 ár og flutzt þá aptur í Lýtingsstaðahrepp og dvalið þar þangað til vorið
1897, að hún fluttist að Valadal í Seiluhreppi. Oddviti Lýtingsstaðahrepps hefir
haldið því fram, að ekki væri að marka framburð þurfalingsins, þar sem hann
að sumu leyti hafi ekki verið í fullu samræmi við vottorð prestsins á Mælifelli,
og er það rjett að því er snertir veru Sigurlaugar þar fyrir 1886, en hvað veru
hennar snertir á árunum 1887—1897, hafa engar upplýsingar fengizt, er að neinu
leyti veiki framburð hennar um að hún hafi þá dvalið öll þau ár samfleytt í
Lýtingsstaðahreppi og verður því að byggja á framburði þessum, og því að álita
að hún hafi unnið sjer sveit í Lýtingsstaðahreppi með veru sinni þar, þar sem
hún á þeim árum engan sveitarstyrk þáði, og þó að hún áður hafi þegið styrk af
Akrahreppi til uppeldis börnum sínum, þá getur það ekki svipt hana rjetti til að
vinna sjer sveit annarstaðar eptir að hún var hætt að þurfa styrksins.

Hvað viðvikur kröfu yðar um að fá endurgoldnar þær 40 kr., er þegar
hafa verið lagðar með Sigurlaugu þessari, virðist ekki næg ástæða til að skylda
Lýtingsstaðahrepp til að greiða þær, þar sem styrkveiting þessi, er byrjaði 1901,
ekki var tilkynnt framfærslusveitinni fyrir en síðastliðinn vetur.

50 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu**
16. maí **um hlunnindi handa sparisjóði Hafnarfjarðar.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Hafnar-
fjarðar, vill stjórnarráðið hjer með veita nefndum sjóði um 3 ár frá 1. júní næst-
komandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunn-
indi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging
sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reiknings-
skil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins
sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi sjóðsins í fyrirskipuðu formi.
Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á
lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til leiðbeiningar og
birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

51 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Nordurmúlasýslu um**
18. maí **endurgjald á sveitarstyrk.**

Hreppsnefndin í Geithellahreppi í Suðurmúlasýslu hefir áfrýjað til stjórnar-
ráðsins úrskurði amtmannsins yfir Nordur- og Austuramtinu, dags. 4. des. 1903,
sem skyldar tjeðan hrepp til að endurgjalda Fellahreppi í Nordurmúlasýslu, legu
og útfararkostnað Guðmundar nokkurs Jónssonar með 89 kr. 76 au.

Málavextir eru þessir. Árið 1901—1902 var Guðmundur Jónsson, sem er
viðurkenndur sveitlægur í Geithellahreppi vinnumaður á Ormarsstöðum í Fella-
hreppi. Í marzmánuði 1902 fylgdi hann manni dálitið á leið til Seyðisfjarðar, en

veiktist á leiðinni og lagðist á Hafrafelli í sama hreppi. Þar lá hann þangað til 14. apríl, en þá var farið á stað með hann þaðan áleiðis til heimilis hans, en hann komst ekki lengra en að Meðalnesi í sama hreppi, lagðist þar og lá þar þangað til hann dó 26. maí s. á. Kostnaðurinn við legu Guðmundar og útför varð 165 kr. 20 au. Guðmundur átti dálitlar eigur og voru þær seldar á uppboði fyrir 62 kr. 53 a. og upphæðin látn ganga upp í nefndan kostnað, en mismuninn 102 kr. 67 au. krafðist hreppsnefnd Fellahrepps síðan með brjefi 19. júlí s. á., að framfærslusveit Guðmundar, Geithellahreppur, borgaði. Síðan voru dregin frá gjöld til prests, svo að krafan verður 89 kr. 76 au.

Hreppsnefnd Geithellahrepps hefir neitað að greiða nefnda upphæð, því hjer væri eigi um löglega veittan sveitarstyrk að ræða, þarsem Guðmundur hafi eigi bedið um styrkinn og engin aðsjónargjörð hafi farið fram, enda væri tilkynning um styrk þenna allt of seint send. Hreppsnefnd Fellahrepps telur þetta hins vegar lögmætan sveitarstyrk, þarsem hún hefði tekið að sjer ábyrgð á legu-kostnaðinum, en kveðst hafa dregið tilkynningu um það vegna þess, að eigi hefði verið vonlaust um, að Guðmundur, hefði hann brátt komizt til heilsu, borgaði sjálfur kostnaðinn, og eptir að hann var dáinn, hefði orðið að gjöra upp búið áður en reikningur yrði sendur.

Amtmaðurinn hefir í úrskurði sínum talið það lagaskyldu Geithellahrepps samkvæmt 26. gr. í tilsk. um vinnuhjú á Íslandi 26. jan. 1866 að endurgjalda Fellahreppi framangreinda upphæð. En þarsem hvorki þær ástæður, er lagagrein þessi gjörir ráð fyrir, nje samkynja ástæður þeim liggja fyrir í þessi máli, getur stjórnarráðið eigi talið rjett að beita ákvæðum lagagreinar þessarar hjer. Á hinn bóginn hefir hreppsnefnd Fellahrepps eigi komið fram með gildar afsakanir fyrir því, að hún, eins og að framan getur, hefir ekki gætt fyrir mæla fyrir lögmætri veiting sveitarstyrks, og auk þess hefir hreppsnefndin enga tilkynning sent hreppsnefnd framfærslusveitarinnar um þetta mál, fyrr en æði löngu eptir lát Guðmundar, þótt það væri skylda hennar, þegar hún tók að sjer ábyrgðina, að tilkynna framfærslusveitinni það, svo framarlega sem vænt var endurgjalds frá framfærslusveitinni á þeim kostnaði, er af ábyrgðinni kynni að leiða fyrir sveitar-sjóð Fellahrepps.

Samkvæmt þessu er hjer með úrskurðað, að Geithellahreppur skuli frí af kröfum Fellahrepps í þessu máli.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Fellahrepps.

Fiskiveiðasamþykkt.

52
19. maí

Sýslunefndin í Norðurísafjarðarsýslu hefir með lögakveðinni hlutdeild bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmis-